

## **Ábending umboðsmanns Alþingis um bótagreiðslur fylgi stjórnvöld ekki stjórnarsýslulögum við úrlausn á málum almennings**

Í máli nr. 5129/2007 frá 17. nóvember 2008 beinir umboðsmaður því til Alþingis og forsætisráðherra að Alþingi setji í lög ákvæði um viðurlög gagnvart stjórnvöldum, t.d. um bótagreiðslur, þegar þau fylgja ekki réttum málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttarins við úrlausn á málum borgaranna.

Segir orðrétt í álitinu : „Umboðsmaður tók fram að hann fengi iðulega þá spurningu frá þeim sem í hlut á hvort stjórnvaldið sé þá laust allra mála og það skipti í raun engu máli þótt það hafi ekki fylgt lögum við meðferð á máli hans. Umboðsmaður geti að vísu bent viðkomandi á að hann geti leitað til dómstóla og sett fram kröfu um bætur. Raunin sé hins vegar sú að í fæstum tilvikum, sérstaklega þegar umsækjendur um opinber störf eiga í hlut, geti viðkomandi sýnt fram á fjárhagslegt tjón vegna þeirra annmarka sem voru á meðferð stjórnvaldsins á máli hans. Lagagrundvöllur fyrir miskabótum sé sjaldnast fyrir hendi. Umboðsmaður tók fram að hann hafi valið að láta þessara sjónarmiða getið þegar hann lyki umfjöllun sinni um þetta mál og rifja upp að því hefði áður verið hreyft af hálfu umboðsmanns Alþingis að ástæða kunni að vera til þess að Alþingi setji í lög ákvæði um viðurlög gagnvart stjórnvöldum, t.d. um bótagreiðslur, þegar þau fylgja ekki réttum málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttarins við úrlausn á málum borgaranna. Slíkt væri einnig liður í því að auka aðhald með því að stjórnarsýslan fylgi þeim lögum sem Alþingi hefur sett um störf hennar. Umboðsmaður hefði því ákveðið í samræmi við 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að tilkynna Alþingi og forsætisráðherra, sem fer með málefni er lúta að stjórnaritari og þar með almenna framkvæmd stjórnarsýslulaga, sbr. 1. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007, um þetta álit mitt.“

EG/ desember 2008